

Reykjavík, 1. mars 1991

Alþingi

Fjárhags- og viðskiptanefnd neðri deildar Alþingis

Erindi nr. P/1131815
komudagur 613 1991

Efni: Umsögn meirihluta útvarpsráðs um:

1. frumvarp til laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri,
2. frumvarp til laga um breytingu á lagaákvæðum er varða fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri o.fl.

Í 20. gr. frumvarps til laga um breytingu á lagaákvæðum er varða fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri o.fl. er lagt til að breyting verði á 2.tl. 3.gr. útvarpslaga, en hann hljóðar svo:

"Óheimilt er að veita erlendum aðila leyfi til útvarpsrekstrar, né félagi eða stofnun þar sem eignarhlutdeild erlendra aðila er meiri en 10%."

Í frumvarpinu er gerð tillaga um eftirfarandi orðalag:

"Um heimildir erlends aðila eða íslensks lögaðila, sem erlendur aðili á hlut í, til að reka útvarpsstöð, fer samkvæmt lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri."

Í þessari tillögu er beinlínis vísað til frumvarps um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri. Þar fæst í 4.gr. yfirlit um meginstefnu þess.

Samkvæmt þeirri grein **með Íslendingar einir stunda fiskveiðar í landhelgi Íslands, eiga og reka fyrirtæki til vinnslu sjávarafurða hér á landi og eiga virkjunarréttindi vatnsfalla og jarðhita.**

Í 7.tl. sömu greinar segir að heildarfjárfesting eins erlends aðila eða fjárhagslega tengdra aðila meggi ekki fara fram úr 250 milljónum króna á einu almanaksári og að heildarfjárfesting erlendra aðila í hverri atvinnugrein fyrir sig meggi ekki fara yfir 25%.

Vakin skal athygli á því að viðskiptaráðherra er heimilt hvað báðar þessar takmarkanir varðar að veita leyfi til frekari fjárfestinga.

Reyndar fjallar 3.gr. útvarpslaga um tímabundin leyfi til útvarps og því ekki beinlínis um Ríkisútvarpið. Engu að síður telur meirihluti útvarpsráðs að hér sé um heildarstefnumörkun í málefnum útvarps (hljóðvarps og sjónvarps) að ræða og óskar því að láta í ljós það álit sem hér fer á eftir:

Af athugasemdum við lagafrumvarpið má ráða að fjölmiðlun, þ.e. útvarp og blaðaútgáfa, teljist sérstök atvinnugrein. Ekki verður annað lesið úr texta frumvarpsins en að 25% takmörkun fjárfestinga eigi við um atvinnugreinina í heild. Það þýðir í raun og veru að fjárfesting erlendra aðila í einstökum fyrirtækjum gæti farið langt fram úr þeim mörkum.

Meirihluti útvarpsráðs leyfir sér að lýsa miklum áhyggjum varðandi óhæfilega opnun íslenskra fjölmiðla fyrir erlendu fjármagni.

Svo sem fram kemur hér að framan eru íslenskur sjávarútvegur og orkuvinnsla algerlega varin gegn hinu erlenda fjármagni. Meirihluti útvarpsráðs álitur að **íslensk menning** sé ekki síður hluti íslenskra auðlinda og beri því einnig að vernda hana gegn ágangi hins erlenda fjármagns.

Ríkisútvarpið jafnt og aðrar íslenskar útvarpsstöðvar skulu samkvæmt útvarpslögum stuðla að almennri menningarþróun og efla íslenska tungu. Þess má vænta að markmið ýmissa erlendra aðila með þátttöku í íslenskri fjölmiðlun verði að auka hlut eigin dagskrárefnis. Slík óbein afskipti af íslenskri dagskrárgerð væru í algerrri andstöðu við þá almennu stefnu íslenskra stjórnvalda að auka beri innlenda dagskrárgerð.

Af framangreindum ástæðum er það skoðun meirihluta útvarpsráðs að ekki beri að breyta 2.tl. 3.gr. útvarpslaga frá því sem nú er. Teljist hins vegar óhjákvæmilegt að fyrirtæki af þessu tagi tengist lagafrumvörpum þeim sem hér er fjallað um, er brýn nauðsyn að 25% takmörkun fjárfestingar eigi við um einstök fyrirtæki.

Álit minnihluta útvarpsráðs varðandi:

- a) frumvarp til laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri
- b) frumvarp til laga um breytingu á lagaákvæðum er varða fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri o.fl. (fylgifr.)

Vegna beiðni fjárhags- og viðskiptanefndar um umsögn um fyrrgreind frumvörp til laga.

Í fylgfrumvarpi með frv. til laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri er að finna breytingar á ýmsum lögum sem snerta fjárfestingu erlendra aðila. Um útvarpsrekstur gilda sérstök lög, útvarpslög nr. 68/1985. Þar er fjallað um eignaraðild útlendinga með eftirfarandi hætti í 2. tölul. 2.mgr. 3.gr. "Óheimilt er að veita erlendum aðila leyfi til útvarpsrekstrar, né félagi eða stofnun þar sem eignarhlutdeild erlendra aðila er meiri en 10%."

Nú er gert ráð fyrir að 2. tölul. 2.mgr. 3.gr. orðist svo: "Um heimildir erlends aðila eða íslensks lögaðila, sem erlendur aðili á hlut í til að reka útvarpsstöð, fer samkvæmt lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri."

Í 3. gr. útvarpslaga er fjallað um þau skilyrði, sem aðilar verða að uppfylla til að fá leyfi til reksturs útvarps. Þar kemur m.a. fram að stuðla skuli að almenntri menningarþróun og efla íslenska tungu, halda í heiðri lýðræðisreglur, virða tjáningarfrelsi o.s.frv. Með slíkum almennum skilyrðum á að vera hægt að tryggja þann ramma sem löggjafinn telur æskilegt að starfað sé eftir.

Við undirrituð teljum eðlilegt að almennar reglur gildi um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, þ.m.t. útvarpsrekstri, og að grundvallarskilyrði varðandi útvarpsrekstur verði tryggð í útvarpslögum.

Inga Jóna Þórðardóttir, Magnús Erlendsson, Rúnar S. Birgisson.